

Hafnarreglugjörð

51
10. maí

fyrir

Siglufjarðarkauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 10. maí 1907 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Siglufjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Öll skip, (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Siglufjarðarhöfn fyrir innan línu frá Selgili til Selvikur, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald sem hjer segir:

- a. Útlend veiðiskip (sildveiðaskip, hvalveiðaskip, þorskveiðaskip) og flutningaskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hverskonar sjávarafli sem er milli landa) skulu gjalda 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í fyrsta sinn á ári hverju, er þau leggjast á höfninni, hvort sem þau koma beint frá útlöndum eða frá einhverri annari höfn á Íslandi. Komi slíkt skip oftár beint frá útlöndum á því sama ári, skal það í hvert skifti greiða hið sama gjald, en komi það oftár frá útlöndum á sama árinu, en komi þó fyrst á einhverja aðra höfn á Íslandi og þaðan til Siglufjarðar, skal það í hvert sinn, að undanteknu fyrsta skiftinu, að eins greiða 3 aura af hverri smálest sem hafnargjald á Siglufirði.
- b. Útlend strandferðaskip, er ganga milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Siglufjarðarhöfn, gjalda í hafnargjald 5 aura af hverri smálest, en ekkert frekara, þótt þau leggist þar oftár á sama árinu.

Leggist útlend veiðiskip eða flutningaskip fyrir utan hina nefndu línu frá Selgili til Selvikur, skal því að eins greiða hafnargjald (og þá eftir 1. gr. a) að skipsmenn einn eða fleiri hafi samgöngur við land til annars en að ná vatni eða snjó.

Þau útlend skip, sem liggja á Siglufjarðarhöfn yfir veturinn, skulu greiða 10 kr. fyrir það í hafnarsjóð, ef þau liggja á innri höfninni eða fyrir innan línu úr lýsisbryggju Gránufjellsins yfir að Ræyri, en ella 5 kr. Ekki má leggja öðrum skipum en siglirskum á innri höfnina vetrarlangt nema með leyfi hafnarnefndar.

51
10. maí

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin greiðslu hafnargjalds á Siglufirði eru öll skip, sem skrásett eru hjer á landi, og öll herskip og skemtiskip, hværrar þjóðar sem er. Dönsk og færeysk fiskiskip eru ekki undanþegin hafnargjaldi Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið á land borinn, ef þau flytja burt aftur allan farminn og ekki annað.

III. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns og greiðist borgun eftir samkomulagi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Siglu-fjarðarkauptúns, og skal honum eingöngu varið til þess að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kys þrjá menn í hafnarnefnd til þess að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjælagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðs-reikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1907 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands 10. maí 1907.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.